

Samþykktir Foreldrafélags Klappa

1.gr.

Félagið heitir *Foreldrafélag Klappa*

2. gr.

Tilgangur félagsins er að efla tengsl foreldra, barna og starfsfólks, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Félagið kemur að ýmsum uppákomum og ferðum sem leikskólinn skipuleggur.

Tekjur foreldrafélagsins koma með innheimtu gjalds 2x á ári, í september/október og febrúar.

Öll vinna sem foreldrafélagið kemur að er unnin í sjálfboðavinnu og allar tekjur félagsins ganga til barnanna og ekki er skilin eftir afgangur á milli ára .

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að stjórn félagsins sér um að halda utan um verkefni foreldrafélagsins, skipta með sér verkum, halda utan um félagið og upplýsa félagsmenn með fundargerðum og á aðalfundi um stöðu mála og endurnýjun í stjórn foreldrafélagsins fer fram með kosningu á aðalfundi foreldrafélagsins, einnig sjá skólastjórnendur Klappa sjá um aðhald að foreldrafélaginu og eru ávallt með einn stjórnarmann.

4. gr.

Allir forráðamenn barna eru sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi Klappa um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Ef forráðamaður vill segja sig úr félaginu er það gert með því að hafa samband við aðstoðarskólastjóra Klappa.

5. gr.

Starfstímabil félagsins er frá aðalfundi í september/október til aðalfundar september/október árið eftir. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

6. gr.

Aðalfund skal halda á tímabilinu 15. September – 20 október ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

7.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3-8 félagsmönnum, formanni og 2 – 7 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa allt að 8 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

8.gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt *2x á vetri í september og febrúar*

9. gr.

Gengið er út frá að öll innkoma til félagsins yfir hvert tímabil verði notuð í þágu barnanna sem eru þá innrituð í leikskólann klappir og ekki verði rekstrarafgangur

Dagsetning: 25.10.2023.